

**Fundargerð 4. fundar  
Framkvæmda- og skipulagsráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
30. október 2018 , kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Reynir Þór Ragnarsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Davíð Ásgeirsson, Jón Sigurðsson og Jón Ben Einarsson.

**Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**1. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035**

Lagt fram til kynningar og umræðu

*Formanni ráðsins og skipulagsfulltrúa falið að gera verklagsáætlun í samræmi við umræður á fundinum fyrir næsta fund ráðsins.*

**2. Tjarnargata 6- Umsókn um breytingu á notkun húsnæðis - 1806475**

Grenndarkynning til eigenda Tjarnargötu 4 vegna breyttrar notkunar á Tjarnargötu 6 lögð fram til umsagnar.

Málið var upphaflega tekið fyrir á 495. fundi Húsnæðis- skipulags- og byggingarráðs Sandgerðisbæjar þar sem eftirfarandi bókun var gerð;

Ráðið tekur jákvætt í erindið en óskað er eftir teikningum af útliti húss og gerð sé grein fyrir fyrirkomulagi bílastæða og sorps. Húsið er upphaflega byggt fyrir athafnastarfssemi, verslun eða þjónustu og hefur verið í slíku hlutverki frá upphafi. Byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna og grenndarkynna erindið.

*Ráðið, f.h. Tjarnargötu 4, gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á Tjarnargötu 6. Skilyrði verður sett um að baklód hússins verði girt í lóðarmörkum að Strandgötu 1c og eigendum þeirrar fasteignar verði einnig grenndarkynnt erindið. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi með þeim fyrirvara að ekki berist athugasemdir fyrir athugasemdafrest yfirstandandi grenndarkynningar.*

**3. Keflavíkurflugvöllur - Skipulagsreglur - 1810110**

Tillaga að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll lögð fram til umsagnar.

*Ráðið gerir ekki athugasemdir við tillögu að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll.*

**4. Þinghóll 3: umsókn um lóð - 1809100**

Gunnar Borgþór Sigfússon sækir um lóðina Þinghól 3 undir byggingu einbýlishúss.

*Samþykkt*

**5. Fjörúklöpp 2-4 - 1810117**

Guðmundur Ingi Ólafsson sækir um Fjörúklöpp 2-4 undir byggingu parhúss. Líba ehf sem áður hafði fengið lóðinni úthlutað hefur skilað lóðinni inn.

*Samþykkt*

**6. Strandgata 22 - DRE 323 - Ný raforkudreifistöð HS Veitna - 1810114**

HS Veitur óska eftir að fá að staðsetja raforkudreifistöð við Strandgötu 22 skv. meðfylgjandi tillögu.

*Staðsetning samþykkt með þeim fyrirvara að lóðarhafi gefi yfirlýsingu um samþykki á fyrirhugaðri staðsetningu.*

**7. Asparteingur - DRE 431 - Ný raforkudreifistöð HS Veitna - 1810116**

HS Veitur óska eftir að fá lóð undir raforkudreifistöð við Asparteing í Klappa- og Teigahverfi skv. meðfylgjandi tillögu.

*Skipulagsfulltrúa falið að gera tillögu um aðra staðsetningu í samráði við umsækjanda.*

**8. Reyniteigur - DRE 413 - Ný raforkudreifistöð HS Veitna - 1810115**

HS Veitur óska eftir að fá lóð undir raforkudreifistöð við Reyniteig í Klappa- og Teigahverfi skv. meðfylgjandi tillögu.

*Samþykkt*

**9. Moshús I,II,III, Stafnesi - Deiliskipulag - 1810104**

GKO arkitekt óskar eftir heimild sveitarfélagsins til að fá að vinna deiliskipulag af landsvæði Moshúsa skv. meðfylgjandi hugmyndum sem fylgja erindinu.

*Fyrirhugaðar hugmyndir eru ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024 og því leggur ráðið til að landeigandi kynni tillögu/hugmyndir sínar frekar fyrir ráðinu með t.t. fyrirhugaðrar endurskoðunar á Aðalskipulagi sameinaðs sveitarfélags.*

Fundi slitið kl. 18:45.

---

Einar Jón Pálsson

---

Reynir Þór Ragnarsson

---

Kristinn Halldórsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Davíð Ásgeirsson

---

Jón Sigurðsson

---

4. fundur Framkvæmda- og skipulagsráðs  
14.11.2018